

## Stjórnarfundur UMSB

11.júní 2013

Mættir voru: Ásgeir, Sigurður, Aðalsteinn, Kristín og Þórhildur

1. Sigurður kennir Ásgeiri á kaffivélina.  
Sigurður les upp fundargerð síðan 7. maí upp til samþykktar. Ákveðið að erindisbréf sem send var á nefndarmenn sem hafa tekið að sér yfirlestur á lögum og reglum sambandsins verði gert aðgengilegt á vef sambandsins.
  2. Starfsmannamál  
Búið er að ákveða að ráða Pálma Blængsson til starfa. Ekki hefur en verið undirritaður ráðningar samningur og fá staðfestingu á hvenær hann getur hafið störf. Reyna á að fá hann til að koma á næsta stjórnarfund.  
Búið er að ná í alla þá sem komu í viðtal vegna umsóknar á starfi framkvæmdarstjóra og þeim tjáð málið.
  3. Landsmót sumarsins  
Landsmót 50+ er yfirstaðið gaman væri að fá að vita hverjir hafa mætt.  
Landsmót UMFÍ á Selfossi 4 -7 júlí 2013. Biðja Hrönn að senda á sem flesta félagi og ýta við þeim um að skrá sig. Sigurður koma með hugmyndir um að reyna að ná í t.d Bridge lið og svo þarf að finna einhverja góða til að taka þátt í starfsíþróttum.  
Unglingalandsmót sem haldið verður á Höfn í Hornarfirði um verslunarmanna helgina.  
Ráðgert er að Ásgeir og Kristín fari og ákveðið að þau vinni með Hrönn í smá skipulagi fyrir mótið hvað varðar utanumhald og þess háttar.
  4. Starfsstyrkir  
Þeir sem sótt hafa um eru eftir taldir: Umf.Reykðælir, Umf.Íslendingur, Umf.Dagrening, Umf.Stafholtstungur, Hestamannafélagið Skuggi, Hestamannafélagið Faxi, Sunddeild Skallagríms, Körfuknattleiksdeild Skallagríms, Knattspyrnudeild Skallagríms, Badmintondeild Skallagríms, Leikdeild Skallagríms, Golf félag Borgarnes.  
Fara yfir umsóknir og þeim raðað niður, einnig verður félögum gefin kostur á að skila inn þeim upplýsingu sem vantar ef það á við. Aðalsteinn og Ásgeir bjóða sig fram til að aðstoða við úrvinnslu umsókna.
- Önnur mál
5. Hrönn óskar eftir að UMSB galla verði keyptir.  
Athuga þarf hvað þeir kosta og hvað sé langur afgreiðslutími á göllunum og hvað sé verið að tala um marga galla. Einnig þarf að athuga með hvort hægt sé að fá boli merkta sambandinu til dæmis sem styrk frá Arion banka líkt og þeir bolir sem fyrir eru til.
  6. Fundur með Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar hefur verið boðaður miðvikudaginn 19 júní. Sigurður og Ásgeir ætla að mæta á fundinn. Umræða fundarins er fyrirhugaður frjálsíþróttarskóli sem verður í umsón frjálsíþróttafélagsins. Athuga þarf á fundinum hver

staðan sé með skipulag og hve langt vinnan sé kominn. Muna eftir því að óska eftir aðstoð félagsmanna UMSB við vinnu.

7. Laganefnd er ekki búinn að hittast og það ekki ráðgert fyrir en í haust.
8. Aðalsteinn spyr um stöðu húsnæðismála.  
Samhljómur um að hentugasti kostur fyrir skrifstofu félagsins verði sem næst íþróttasvæðinu í Borgarnesi. Ákveðið að ýta við Páli bæjarstjóra um Skallagrímshús.
9. Sigurður segir okkur frá fundi sem haldin var með Umf. Íslending og hreppsnefnd Skorradals. Ákveðið hefur verið að Hreppslaug opni í sumar eftir að samkomulag náðist um fjárhags aðstoð frá Borgarbyggð, en þeir ætla að sjá um að ráða starfsmann. Skorradalshreppur ætla svo að veita hreppslaug vænlegan styrk svo reksturinn gangi vonandi upp. Gleðjumst við öll yfir því.
10. Aðalsteinn spyr um stöðu fjármála. Kristínu falið að athuga með þau mál og hvernig staðan er milli UMSB og sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl 22:00 fundargerð ritar Þórhildur María Kristinsdóttir

